



# **Varðveisla eða eyðing -hver fer með valdið?**

**Fræðslufundur  
Félag um skjalastjórn  
21. september 2017**

**Kristín Benediktsdóttir dósent**



# Inngangur

- Mikið magn skjala verður til hjá stjórnvöldum
  - Bréf, tölvupóstar, myndir, skýrslur o.s.frv.
  - Vægi þeirra
- Hvað á að gera við öll þessi skjöl?
  - Eyða/henda eða geyma?
- Hver ákveður?
  - Mega stjórnvöldin sjálf ákveða hvað á gera við þau?
- Hver hefur eftirlit með því hvað má og hvað má ekki?
- Vitneskja stjórnvalda



# Varðveisla á gögnum (1)

1. Sönnun á framkvæmd laga
2. Tryggja samfellu og samræmi í framkvæmdinni
3. Afhending á gögnum
4. Varðveisla þjóðararfsins



## Varðveisla á gögnum (2)

- Þekking á regluverkinu skiptir máli
  - Þekking á lagafyrirmælum um skjalavörslu
  - Þekking á lagafyrirmælum um eyðingu/grisjun
- Setning reglna skiptir máli
  - Á reglum um skjalavörslu
  - Á reglum um grisjunarheimildir skjala



# Álitaefni

- Hvaða skjöl ber stjórnvöldum að varðveita?
- Hvaða skjöl ber stjórnvöldum að skila til opinberra skjalasafna til varðveislu?
- Hver hefur eftirlit og yfirstjórn með varðveislu skjala í fórum stjórnvalda og skilum þeirra til opinberra skjalasafna?



# Hvaða reglur gildi?

- Almennar reglur eru í lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn
  - Áður lög nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands
  - Mæla fyrir um skipulag á skjalavörslu og skjalastjórn og meðferð skjala
- Óskráðar meginreglur um varðveislu skjala



# Lög nr. 77/2014

- Markmiðið
  - m.a. að tryggja myndun, vörslu og örugga meðferð opinberra skjala
- Mæla fyrir um skyldu afhendingarskyldra aðila
  - varðveita skjöl sem verða til hjá þeim eða þeim berast
  - afhenda þessi skjöl eftir ákveðinn tíma til opinbers skjalasafns til varanlegrar varðveislu
- Réttur til aðgangs að upplýsingum sem geymdur eru í opinberum skjalasöfnum
- Brot á ákvæðum laganna kann að verða refsingum eða skaðabótum (47. gr.)



# Gildissvið laga nr. 77/2014

- Opinber skjalasöfn
  - Þjóðskjalasafn Íslands og héraðsskjalasöfn
- Þjóðskjalasafn
  - Starfar undir yfirstjórn ráðherra
    - Er lægra sett stjórnsýslustofnun gagnvart ráðherra
    - Lýtur fyrirmælum ráðherra og eftirliti
  - Höfuðskjalasafnið
- Afhendingarskyldir aðilar



# Þjóðskjalasafn Íslands

- Öllum afhendingarskyldum aðilum sem tilheyra stjórnarsýslu ríkisins ber að skila skjölum til safnsins til varðveislu
- Annast framkvæmd á „yfirstjórn opinberrar skjalavörslu og skjalastjórnar“ í umboði ráðherra
  - Setur reglur og veitir leiðbeiningar
    - Skjalavörslu, skjalastjórnun, frágang og afhending skjala, varðveislu og förgun
  - Hefur eftirlit með rekstri héraðsskjalasafna



# Afhendingarskylda

- Afhendingarskyldir aðilar
  - Forseti Íslands, dómstólar, Stjórnarráð Íslands, allar stofnanir og nefndir sem heyra stjórnarfarslega undir það, þjóðkirkjan, sveitarfélög, stofnanir, nefndir og byggðasamlög þeirra og lögaðilar sem að 51% hluta eða meira eru í eigu hins opinbera og skiptastjórar þrotabúa og dánarbúa
  - Ekki Alþingi og stofnanir á vegum þess
- Afhendingarskyld skjöl
  - Afhending á pappír skal fara fram þegar þau hafa náð 30 ára aldri (meginreglan)
  - Á rafrænu formi að jafnaði eigi síðar en þegar þau hafa náð 5 ára aldri



# Hugtakið skjal (1)

- Hugtakið skjal hefur mjög víðtæka merkingu í lögum nr. 77/2014
- Hvers konar gögn sem geyma upplýsingar
  - Skrifleg og rafræn gögn (tölvupóstur, SMS skilaboð)
  - Skrár
  - Gagnagrunnar
- Skiptir ekki máli frá hverjum þau stafa
- Skjöl afhendingarskyldra aðila og opinberra skjalasafna (einnig skjöl sem varða skráningu í trúfélög og einkaskjalasöfn)

Lagadeild Kristín Benediktsdóttir



## Hugtakið skjal (2)

- Gögn sem **til hafa orðið, borist eða verið viðhaldið** „við starfsemi á vegum stofnunar eða einstaklinga“
  - Tengsl við starfsemi hins afhendingarskylda aðila
    - Einkaskjöl starfsmanna (t.d. tölvupóstur) fellur utan laganna
    - Sama á við um skjöl sem eru send fyrir mistök
    - Sama á við um dreifipóst
  - Hafa orðið til í tiltekinni endanlegri mynd
    - Uppköst falla utan hugtaksins



# Hvaða skjöl ber að varðaveita?

- Þjóðskjalasafn ákveður hvaða skjöl á að varðveita
  - Setur reglur sem eru staðfestar af ráðherra
    - Um skjalastjórn og skjalavörslu, frágang og afhendingu skjala, varðveislu og förgun skjala
  - Veitir leiðbeiningar
  - Hefur eftirlit með framkvæmd afhendingarskyldra aðila á lögunum, reglugerðum og reglum
- Afhendingarskyldum aðilum ber að fara eftir þessum reglum og fyrirmælum



# Samspil varðveislu og förgunar

- 24. gr. laga nr. 77/2014 (varðveisluskylda og förgunarreglur)
- „**Óheimilt er að ónýta eða farga nokkru skjali í skjalasöfnum þeirra aðila sem falla undir 1. eða 2. mgr. 14. gr. nema það sé gert á grundvelli samþykktar þjóðskjalavarðar, reglna skv. 23. gr. eða 2. mgr. þessarar greinar eða sérstaks lagaákvæðis.**
- **Þjóðskjalasafn Íslands skal setja sérstakar reglur skv. 3. tölul. 8. gr. um förgun skjala fyrir afhendingarskylda aðila eftir því sem við verður komið.**“ (leturbreyt. mín)



# Hvað þýðir þetta? (1)

- Þjóðskjalasafn markar stefnu um almenna skjalavistun og skjalastjórn
- Ef Þjóðskjalasafn hefur ekki markað stefnu eða tekið ákvarðanir um hvað sé skylt að varðveita **ber að varðveita öll skjöl sem falla undir gildissvið laganna** (nema annað sé tekið fram í sérlögum).



## Hvað þýðir þetta? (2)

- Stjórnvöldum er **óheimilt að farga eða ónýta skjöl** úr safni þeirra skjala sem hjá þeim hafa orðið til eða þeim borist og varða starfsemi þeirra **nema það sé gert með heimild** Þjóðskjalasafns Íslands eða samkvæmt heimild í sérlægum.
- Þetta felur **ekki** í sér að **geyma eigi öll skjöl** afhendingarskyldra aðila.
- **Heimild til eyðingar** þarf hins vegar að verða byggð á ákvörðunum eða reglum Þjóðskjalasafns eða ákvæðum sérlaga.
- Álitaefni?



# Helstu niðurstöður

1. Öll skjöl sem hafa orðið til og tilheyra starfsemi afhendingarskyldra aðila falla undir gildissvið laganna óháð formi þeirra eða hvernig þau urðu til (nema sérlög leiði til annarrar niðurstöðu).
2. Skjölin ber að varðveita nema fyrirmæli og heimildir Þjóðskjalasafns Íslands, hvað varðar skjalavörslu eða grisjun skjala (eða sérlög), leiði til annarrar niðurstöðu.
3. Þjóðskjalasafn Íslands hefur eftirlit með framkvæmd laga nr. 77/2014.

Lagadeild Kristín Benediktsdóttir

